

# Reglugjörð

## um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 11. nóvember 1914<sup>1</sup>

- Við 5. gr. Í stað »innanhreppsmanna« komi: »þeirra manna«  
Í stað »50 aurar fyrir hverja kind« komi: »1 króna fyrir hverja kind í ullu, en sje það ær í ullu með ómörkuðu lambi, þá kr. 1,50.
- Við 6. gr. Fyrir »20 aura« komi: 1,00 og fyrir »10 aura« 50 aurar.
- Við 10. gr. Fyrir »10 aura« komi: 50 aurar.
- Við 13. gr. Í stað »sem á 3 kindur« komi: sem á 4 kindur. — Í stað »leigufærar ær . . . 3 kindur« komi: af öllum framtöldum ám skulu hverjar 2 metnar jafnt til gangnaskila sem 3 kindur aðrar.
- Við 17. gr. Í stað 4. málsgreinar: »Leiki grunur á« . . . og út, komi: Sje ekki um vörð eða girðingu að ræða fyrir afrjettarlöndum þeim, sem til heiða liggja skal og skylt að láta fara fram á þeim 3 göngur á þeim tíma, sem viðkomandi hreppsnefndum kemur saman um.
- Við 19. gr. Fyrir »eftir mati hreppsnefndar« komi: því verði er hreppsnefnd, ákveður án tillits til mats á fjallskilum.
- Við 20. gr. Við hana bætist: Gangnaforingi skal annast um að farið sje svo vel sem unt er með fje og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir á heiðum, sem ekki verður komið lifandi til rjettar, skal slátra þeim og taka úr þeim innýfli en flytja þær að öðru leyti til rjettar. Finnist dauð kind í göngum, skal hún á sama hátt flutt til rjettar, ef nýtileg er. Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til rjettar, eða ef hross drepst í göngum, eða finnst fyrir skömmu dautt, skal tafarlaust þegar komið er til bygða tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það og flytja til rjettar gegn borgun að  $\frac{1}{2}$  úr fjallasjóði, en að  $\frac{1}{2}$  frá eigaanda, sje hann innan upprekstrarfjelagsins; aðöðrum kosti skal selja það sem óskilafjenað og borga kostnað af söluverðinu. Hrökkvi það ekki, greiðist afgangurinn úr sveitasjóði.
- Við 22. gr. Á eftir orðinu »sektarlaust« komi: en án tillits til mats á þeim.
- Við 31. gr. Á eftir orðunum »búendur« og »ábúendur« komi orðin: og fjáreigendur.
- Við 41. gr. Fyrir »30 aura« komi: 75 aura og fyrir »20 aura« komi 75 aurar.
- Við 42. gr. Í stað »5 aurar« komi: 15 aura.
- Við 46. gr. Í stað »40 aura« komi: 1,50.
- Við 51. gr. Aftan við greinina bætist: Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar til þess að skoða mörk á öllum hrossum sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrjett, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt um sauðfje. Borgun til þessara manna greiðir sá, er hrossin kaupir. komi þeir sjer ekki saman um gjaldhæðina, sker hlutaðeigandi sýslumaður úr.
- Við 57. gr. Fyrir »stóðhross« komi: afrjettarfjenaður. Á eftir »á afrjettina eru rekin«

59  
16. júní

komi: sje eingöngu um hrossavörð að ræða, en sje um fjárhelda girðingu að ræða, sje kostnaðinum jafnað niður að  $1/2$  eftir jarðarhundruðum og að  $1/2$  eftir fjárframtali. Seinni hluti greinarinnar, »skulu reglur« . . og út, falli burt.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71, gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

## Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins. 16 júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

**Öddur Fermannsson.**

*Vigfús Einarsson.*

60  
16. júní

# Reglugjörð

## um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 2. nóvember 1917.

- Við 40. gr. Á eftir orðunum »sbr. 42. gr.« bætist inn í: Takist sala alls ekki og telji 2 menn, tilkvaddir af hreppstjóra, hross ekki fóðurtækt, má selja það án innlausnarfrests. Ella ber hreppsnefnd að annast geymslu og fóðrun slíkra hrossa næstu 12 vikur gegn fullu gjaldi frá eiganda. Eftir þann tíma má selja þau án innlausnarfrests. —
- Við 42. gr. 1. Í stað »10 aurar og 5 aurar« komi 25 aurar og 10 aurar.  
2. Á eftir orðunum »um sólarhringinu« komi: nema þurfi að taka fjenaðinn á gjöf, þá fult endurgjald.
- Við 43. gr. Í stað hennar og breytingar á greininni frá 23. júlí 1919 komi ný grein svohljóðandi:

Óskilakindur þær, sem koma fyrir eftir rjettir og ekki finst eigandi að eða komast ekki til eiganda, sökum fjarlægðar, skal hreppsnefnd annast um að sjeu geymdar til síðasta laugardags í sumri, sem skal vera almennur fjárskiladagur um alla sýsluna. Þær kindur, sem ekki eru hirtar þennan dag, skulu þá seldar sem óskilafje. Þær óskilakindur sem koma fyrir eftir fjárskiladag, skal hreppsnefnd annast um að komist til eiganda, sje hann í næstu hreppum og því verði komið við án sjerstaks kostnaðar, annars skal það selt sem óskilafjenaður, en auglýsa ber þau uppboð með minst viku fyrirvara.

Komi óskilahross eftir smölun í janúar, skal landsigandi gera hreppsnefnd tafarlaust aðvart, er hrossin finnast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsing á þeim. Ef þörf gerist sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda hjer í sýslu og næstliggjandi